

# Fundur í fagráði nautgriparæktar 13. júní 2016

## Fundargerð

Fundurinn var haldinn í nautastöðinni á Hesti og hófst kl. 11.00.

**Mættir:** Guðný Helga Björnsdóttir, formaður, Gunnar Kr. Eiríksson, Pétur Diðriksson, Þórarinn Leifsson, Baldur Helgi Benjamínsson og Guðmundur Jóhannesson er ritaði fundargerð. Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir var í símasambandi. Björn S. Gunnarsson og Þóroddur Sveinsson boðaði forföll.

### Dagskrá:

1. Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar
2. Helstu niðurstöður kynbótamats í júní 2016
3. Afkvæmadómur og naut í notkun
4. Nautastöðin
5. Spermvital
6. Úrval út frá erfðamengi
7. Önnur mál

### 1. Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar.

Guðný Helga, formaður, setti fund og stýrði honum.

Fundargerð, dags. 3. maí 2016, samþykkt án athugasemda, en áður hafði hún verið afgreidd óformlega í tölvupósti.

### 2. Helstu niðurstöður kynbótamats í júní 2016.

Guðmundur fór yfir helstu niðurstöður kynbótamats í júní 2016. Í megindráttum standa þau reyndu naut sem eru í notkun við fyrri dóm með þeirri undantekningu að Ferill 09070 lækkar nokkuð. Ljóst er að ekki verða tekin fleiri naut í 2009 árgangnum til dreifingar. Nautaárgangurinn 2010 kemur ágætlega út og þar er að finna vænlega vonarneista í seinni hluta árgangsins sem ekki eru komnir með nægilega margar dætur með afurðaupplýsingar á þessum tímapunkti. Af þeim nautum sem komnir eru með afurðaupplýsingar dætra er að finna nokkur álitleg naut. Árgangurinn telur samtals 28 naut og af þeim eru 16 komin með lágmarksfjölda dætra bak við afurðamatið. Faðerni nautanna í árgangnum er dreift en flesta syni á Síríus 02032 eða 5 talsins. Meginlínur eru þær að synir Síríusar 02032 virðast bæta júgurgerð og mjaltir umtalsvert, synir Glæðis 02001 er sterkir hvað júgurgerð snertir en synir Skurðs 02012 gefa fullþungar mjaltir.

### 3. Afkvæmadómur og naut í notkun.

Farið yfir niðurstöður kynbótamats einstakra nauta og ákveðið að eftirtalin naut verði áfram í dreifingu sem reynd naut næstu mánuði: Logi 06019, Rjómi 07017, Keipur 07054, Blámi 07058, Blómi 08017, Þáttur 08021, Flekkur 08029, Gói 08037, Gustur 09003, Bolti 09021, Gæi 09047, Ferill 09070 og Dráttur 09081.

Ný naut í dreifingu verði: Strákur 10011, Drangi 10031, Fossdal 10040 og Bætir 10086.

Eftirtalin naut verða tekin úr dreifingu:

Kraki 09002 – efnahlutföll lág og notkun lítil

Þytur 09078 – lækkar í mati hvað efnahlutföll snertir, efnahlutföll mjög lág

Brúnó 09088 – lækkar í mati, kominn í 100 í heildareinkunn

Nautsfeður til notkunar næstu mánuði verði: Keipur 07054, Gustur 09003, Bolti 09021, Strákur 10011 og Fossdal 10040.

Ákveðið að eftirtalin naut hljóti C-dóm og öllu sæði verði hent:

Sirkus 10001 – lítil afurðageta, heildareinkunn 100

Rumur 10006 – lítil afurðageta og slakar mjaltir, heildareinkunn 103

Runni 10007 – slök júgurgerð, heildareinkunn 98

Frosti 10010 – lítil afurðageta, heildareinkunn 87

Prins 10019 – skapgallar, heildareinkunn 101

Svipur 10038 – slakar mjaltir, heildareinkunn 101

Ákvörðun um besta naut 2009 árgangsins frestað til haustsins.

#### 4. Nautastöðin.

Baldur Helgi fór yfir viðræður Landssambands kúabænda og Bændasamtaka Íslands um sameiginlega eigu og ábyrgð á rekstri stöðvarinnar. Baldur Helgi nefndi einnig í þessu samhengi ákvörðun Búnaðarþings um slit á svokölluðum Framleiðsluráðssjóði og að aðalfundur LK hefði ályktað þess efnis að hlut nautgriparkerktarinnar verði ráðstafað til verkefna sem nýtast sameiginlega til langs tíma. Þar hefði úrval út frá erfðamengi verið sérstaklega nefnt.

#### 5. Spermvital.

Baldur Helgi rakti stöðu málsins og sérstaklega hvað varðar ákveðnar kröfur sem gerðar yrðu til nautastöðvarinnar og búnað varðandi sæðistöku og -blöndun. Hann sagðist hafa rætt við Spermvital í Noregi og þar hefði komið fram að engar kröfur yrðu gerðar sem við gætum ekki uppfyllt auk þess sem Spermvital væri reiðubúið til þess að senda hingað fólk til sæðisblöndunar 3-4 sinnum á ári. Hann sagði jafnframt að fyrir dyrum stæði að fulltrúar Spermvital kæmu hingað til lands til skoðunar á stöðinni og viðræðna um framhald málsins, einkum hvernig framkvæmd yrði best fyrir komið. Sú heimsókn verður væntanlega í ágúst n.k.

#### 6. Úrval út frá erfðamengi.

Guðmundur fór stuttlega yfir stöðu málsins og sagði að þó vissulega lægi mikið á væri betra að flýta sér hægt og vanda allan undirbúning. Hann sagðist vera í sambandi við Peer Berg hjá Norræna genabankanum sem aftur ætlaði að ræða málið við starfsfélaga sína hjá Háskólanum í Árósum. Þar væri til staðar mikil þekking á úrvali út frá erfðamengi. Í framhaldi af því mætti skoða hvort grundvöllur væri fyrir samstarfi við Dani og jafnvel Eurogenomics sem þeir væru aðilar að. Guðmundur sagði að brýnt væri að setja fram ítarlega og góða áætlun um hvernig hrinda megi úrvali út frá erfðamengi í framkvæmd hérlendis þar sem m.a. væri tekið til atriða eins og hvernig standa ætti að sýnatökum, greiningu og útreikningum. Þetta væri ekki einfalt mál, mannaflí lægi ekki á lausu og tryggja þyrfti fjármögnun.

#### 7. Önnur mál.

Töluvert rætt um stöðu Landbúnaðarháskólans og þá staðreynd að of fáir virðast skila sér í framhaldsnám, þ.e. meistrara- og doktorsnám, á sviði búvísinda. Margir sérfræðingar innan

landbúnaðarins eru ýmist komnir á eftirlaunaaldur eða nálgast þau tímamót og þörf á endurnýjun því að verða brýn. Fram komu hugmyndir um hvort kynna ætti starfsmöguleika og verkefni betur fyrir nemendum o.s.frv.

Rætt um endurskoðun ræktunarmarkmiðanna og hvernig hægt væri að standa að breytingum á þeim, m.a. hvort hægt væri að færa ákvarðanatöku um breytingar nær kúabændum sjálfum. Þar mætti t.d. gera könnun meðal kúabænda um hvernig kýr þeir vilja sjá eftir 15-20 ár en dæmi eru um slíka aðferðafræði frá t.d. Noregi. Ákveðið að skoða þennan möguleika betur.

Aðeins farið yfir stöðu holdanautamálsins. Heilbrigðisvottorðin eru í lokavinnslu, teiknivinna sömuleiðs og girðingavinna er hafin.

Guðný Helga fór yfir að eftirtaldir aðilar hafa tilnefnt stuðningsfulltrúa að ósk fagraðs; Matvælastofnun tilnefnir Sigrúnu Bjarnadóttur, Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði tilnefnir Björn S. Gunnarsson og Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins tilnefnir Gunnfríði Elínu Hreiðarsdóttur.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Guðný Helga Björnsdóttir

Guðmundur Jóhannesson

Gunnar Kr. Eiríksson

Pétur Diðriksson

Þórarinn Leifsson

Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir

Baldur Helgi Benjamínsson

### Fylgiskjöl:

1. Fundargerð 3. maí 2016
2. Niðurstöður kynbótamats í júní 2016
3. Yfirlit um sæðisbirgðir á Nautastöð BÍ